

urinn á kröfu stefnenda, að réttur hans til riftingar leigumálans um lóðir þessar verði viðurkenndur og að stefndu beri að skila þeim lóðinni í hendur. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Réttur stefnenda, bæjarstjórans á Akureyri f. h. bæjarstjórnar, til að rifta leigumála þeim við stefndu, Kaupfélag Verkamanna, Akureyri, er í máli þessu greinir, er viðurkenndur, og ber stefndu að afhenda stefnendum lóðina. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 19. febrúar 1962.

Nr. 90/1960. **Magnús Thorlacius** (sjálfur).

gegn

**Gunnari Þorsteinssyni**

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Meiðyrðamál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1960 og krafizt þess, að ummæli, er í héraðsdómi greinir, verði ómerkt, að stefnda verði dæmd þyngsta refsing að lögum, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 5.700.00 með 6% ársvöxtum frá 17. október 1959 til greiðsludags og að stefndi greiði honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt héraðsstefnu er málssókn áfrýjanda á því reist, að stefndi hafi brotið m. a. gegn 236. gr. laga nr. 19/1940. Af þessu leiðir, að efni eru eigi til að ómerkja

ummæli áfrýjanda í greinargerð í héraði, er í héraðsdómi getur. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að undanskildu ákvæði hans um ómerkingu framangreindra ummæla.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. apríl 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. október 1959, gegn Gunnari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni, Hávallagötu 41 hér í bæ, vegna ummæla um stefnanda í grein, sem birtist í „Morgunblaðinu“, sem út kom 17. október 1959.

Hin umstefndu ummæli, sem birtust í grein eftir stefnda með fyrir sögninni „Athugasemd“, eru þessi:

1. „... ef M. Th. finnst nokkur „sárabót“ í því fyrir sig ...“
2. „... að opinbera þá óskhyggju sína, að Hæstiréttur hafi fellt niður vítur þær, sem hann hlaut svo og frú Karólína fyrir héraðsdómi ...“
3. „... þessi „skýring“ M. Th. sé harla hæpin og sérstæð, svo ekki sé dýpra í árina (sic) tekið.“
4. „... heldur hann því fram, að dæma hefði átt sakarefnið eftir ákvæðum laga nr. 20/1923, en ekki eftir lögum nr. 3/1900. Einhliða og órökstuddar fullyrðingar M. Th. haggá vitanlega ekki dómsniðurstöðum og hæfa því ekki í mark.“
5. „Í forsendum, bæði að héraðsdómi og Hæstarétti (sic) er að finna svör við tilvitnuðum fullyrðingum M. Th., sem sýna jafnhliða, hve haldlausar og ósmekklegar þær eru.“
6. „... haldleysi framangreindra órökstuddra staðhæfinga M. Th. ...“
7. „... var því mjög óviðeigandi að ræða dóm réttarins eftir á, sérstaklega á opinberum vettvangi. En þar sem M. Th. lét það eftir sér að viðhafa óviðeigandi og villandi ummæli um málsmeðferð og rök að dómaniðurstöðum ...“

Stefnandi telur ummæli þessi meiðandi og móðgandi fyrir sig. Telur hann þau varða refsingu samkvæmt 234.—236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, ómerkingu samkvæmt 241. gr. sömu laga, greiðslu bóta fyrir birtingu samkvæmt sömu grein, greiðslu miskabóta samkvæmt 264. gr. sömu laga og greiðslu málskostnaðar. Hefur stefnandi gert eftirfarandi dómkröfur: að átalín ummæli verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur til þyngstu refsingar, er lög standa til, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 5.700.00 með 6% ársvöxtum frá 17. október 1959 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómars.

Tildrög máls þessa eru þau, að í Morgunblaðinu 13. október s.l. birtist grein með fyrirsögninni: „Salan á Hótel Borg fer fram á næstunni.“ Var þar skýrt frá úrslitum svo nefnds „Borgarmáls“, en stefnandi og stefndi höfðu verið lögmenn aðilja þess máls og flutt það bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Af þessu tilefni birtist í Morgunblaðinu 15. október s.l. athugasemd frá stefnanda, og í Morgunblaðið 17. október ritaði stefndi athugasemd þá, sem hin umstefndu ummæli birtust í.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að öll hin umstefndu ummæli séu bæði meiðandi og móðgandi fyrir sig, ósonn og tilfnislaus.

Stefndi hefur haldið því fram, að ummæli sín séu rituð af hófsemi og stillingu og með engu móti ámælisverð. Sér hafi sem lögmanni í „Borgarmálinu“ verið heimilt að svara grein stefnanda, en í henni hafi því verið haldið fram, að umbjóðandi hans hafi beitt fyrir sig ranglátri löggjöf, sem sé þjóðinni til vansæmdar. Þá hafi hann mótmælt þeirri staðhæfingu stefnanda í grein hans, að Hæstiréttur hafi fellt niður vítur, sem stefnandi og umbjóðandi hans í „Borgarmálinu“ hlutu fyrir héraðsdómi. Hæstiréttur hafi staðfest þann héraðsdóm, að öðru leyti en snerti þær breytingar, sem rétturinn nefndi sérstaklega. Víturnar hafi rétturinn ekki minnst á í dómi sínum og standi þær því óhaggðar. Stefndi hefur viðurkennt, að stefnandi hafi ekki berum orðum sagt, að dæma hefði átt sakarefnið eftir ákvæðum laga nr. 20/1923 í stað laga nr. 3/1900. Hann hafi hins vegar miskilið grein stefnanda. Stafi það af því, að stefnandi hafi í grein sinni tekið upp röksemdir sínar úr málflutningi, en á þær hafi dómstólar ekki fallizt.

Eins og fram er komið, voru stefnandi og umbjóðandi hans

í „Borgarmálinu“ vítt af héraðsdómara. Í dómi Hæstaréttar setti rétturinn sínar eigin forsendur um efni málsins og staðfesti héraðsdóminn að niðurstöðu til, en vék ekki að vítum þessum, enda var hvorki af stefnanda né umbjóðanda hans gerð krafa um niðurfellingu þeirra. Standa vítur héraðsdómara því óhraktar.

Ummæli stefnda, sem talin eru undir tölulíðum 1—3, eru þannig fyllilega réttlætt og verða hvorki talin meiðandi né móðgandi fyrir stefnanda.

Að því er varðar ummæli stefnda í 4. tölulíð, þykir mega fallast á, að orðin „heldur ... 3/1900“ séu móðgandi fyrir stefnanda sem hæstaréttarlögmann, og ber samkvæmt 1. mgr. 241. gr. hegningarláganna að ómerkja þau. Hins vegar þykir ekki vera næg ástæða til að refsast stefnda fyrir ummæli þessi. Önnur ummæli 4. tölulíðar þykja ekki varða við lög, né heldur ummæli 5.—7. tölulíðar.

Ekki þykir vera næg ástæða til að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu á kostnaði við birtingu dóms þessa. Eins og mál þetta horfir við, þykja ekki vera efni til að taka til greina kröfu stefnanda um miskabætur.

Í greinargerð sinni hefur stefnandi haldið því fram, að ummæli stefnda undir 2. tölulíð séu borin fram „gegn betri vitund“. Hefur stefndi krafizt þess, að þessi ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefnandi dæmdur til refsingar, til greiðslu miskabóta og málskostnaðar. Fallast má á það, að ummæli þessi verði dæmd ómerk, en að öðru leyti þykja ekki efni til að taka kröfu stefnanda til greina. Þá þykir bera að víta stefnanda fyrir þau ummæli hans í greinargerð, að „ekki leyni sér löngun stefnda til þess, að atvinnurógurinn loði við mig framvegis.“

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ólafur W. Stefánsson setuborgardómari kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Framangreind ummæli eru ómerk.

Að öðru leyti skal stefndi, Gunnar Þorsteinsson, vera sýkn af kröfu stefnanda, Magnúsar Thorlacius, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.